

Dæluþrófun og vatnsöflun úr eyrum
Hafnardsár

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-80/08

DÆLUPRÓFUN OG VATNSÖFLUN ÚR EYRUM HAFNARDALSÁR

Í greinargerð um vatnsöflun fyrir laxeldisstöð á Nauteyri frá því í maí s.l. var mælt með því, að gerð yrði dæluprófun á brunnum í eyrum Hafnardsárs. Tilgangurinn var sá að fá upplýsingar um vatnsleiðni- og síunareiginleika eyranna. Dæluprófun þessi var síðan framkvæmd 20. júní. Það er skemmst frá því að segja, að eyrarnar reyndust mun vatns-
snauðari en vonast hafði verið eftir.

Dæluprófunin og kornastærðargreining á mól úr brunnum benda ekki til þess, að það sé þéttleiki eyranna sem veldur hinu trega vatnsrennsli, heldur einhverskonar hindrun milli ár og brunns, e.t.v. klapparhaft eða leirlag í árbotni. Nánari athugun á eyrunum er nauðsynleg til að skera úr um þessi atriði. Þær upplýsingar sem fyrir hendi liggja eru þó nægar til að afskrifa borun eða venjulega brunngerð sem hugsanlega möguleika til vatnsöflunar.

Gryfja sem grafin var í áreyrarnar mitt milli brúar og sjávar sýndi að þar er mikill leir í mölinni og lítið sem ekkert vatnsrennsli a.m.k. í efstu 3 - 4 metrunum. Áframhaldandi athuganir munu því að líkindum beinast að neðri hluta eyranna.

Það sem nú kemur helst til greina sem vatnsöflunarleið, er að koma fyrir lokræsi (drenlögn) í eyrunum við ána. Hér er átt við c.a. 50 m langa tvöfalda lögn (t.d. wavin drenpípur eins og notaðar eru í íþróttavelli) sem grafin yrði 3 - 4 m niður samsíða ánni í um 15 m fjarlægð. Perlumalarpylsa umvafin siktisdúk þarf að vera um rörin. Dælubrunnur skal vera á neðri enda lagnarinnar og hreinsibrunnur á þeim efri. Þannig skal gengið frá málunum, að möguleikar séu til framlengingar lagnarinnar ef með þarf síðar.

Til að auka innrennsli vatns til lokræsisins gæti verið góð hugmynd að láta vatnsrásina til sleppitjarnarinnar liggja samsíða ræsinu og jafnvel búa til smá lón líkt og sýnt er á meðfylgjandi mynd.

Áður en farið er út í þessar framkvæmdir þarf þó að gera meiri athuganir á vatnsleiðni, gerð og þykkt eyranna við Hafnardalsá. Það er tillaga mín, að á ný verði fengin grafa á staðinn og grafinn 20 - 30 m langur djúpur skurður á fyrirhuguðu lokræsisstæði og gerðar athuganir á fyrrnefndum þáttum. Staðsetning lokræsisins ræðst síðan endanlega af niðurstöðum þessara prófana.

Orkustofnun - Jarðkönnunardeild er reiðubúin til aðstoðar og ráðgjafar í þessum efnum ef óskað er.


Kærar kveðjur.

Árni Hjartarson

A handwritten signature in black ink, reading 'Árni Hjartarson'. The signature is written in a cursive, flowing style with a large initial 'A'.




VATNSÖFLUN



PERLUMÖL ER NÁI UM 20 CM ÚT FYRIR ÞÍÐUR

2 STK. WAVIN DRENÞÍÐUR
Ø 113,5 VAFÐAR MEÐ
FILTERDÚK



HAFNARDALSÁ

STÍFLA

ERDISHÚS



KORNSTÆRÐARKÚRFA MALAR ÚR
EYRUM HAFNARDALSÁR.

ÁH/SCC

SGT. TÖK SÝND

